

48

24. apríl Sjóðurinn skal vera í umsjá Oddfellowstúkunnar nr. 5, Þorsteinn I.O.O.F. í Reykjavík. Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir af stúkunni og skulu a. m. k. tveir stjórnarmanna vera bræður í stúkunni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða á sama hátt og aðra sjóði Oddfellowreglunnar, eins og grundvallarlög hennar mæla fyrir um.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er úr gildi felld skipulagsskrá frá 17. marz 1954 (B-deild Stjórnartíðinda 1954, nr. 30).

49

25. apríl **AUGLÝSING**
um umferðarljós í Reykjavík.

Samkvæmt III. kafla reglugerðar nr. 61 24. marz 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra, hafa verið tekin í notkun umferðarljós á tveimur gatnamótum í Reykjavík.

1. Hverfisgötu og Snorrabraut.
2. Laugavegi og Nóatúni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. apríl 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

50

2. maí **SAMÞYKKT**
um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað dag hvern eigi síðar en segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina, sbr. 3. gr.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13, nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa búðir þessar opnar til kl. 16.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.

Síðasta laugardag fyrir jól eða annan virkan dag skömmu fyrir jól er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.